

158

Minn Herra Jesú, hvert fer þú



Eb Bb Cm G Ab Eb/G Bb Eb Bb Eb/G Bb/F F Bb

1. Minn Herr - a Jes - ú, hvert fer þú? Ei hrygg - ur þarf ég spyrj - a nú,
 2. En hins má spyrj - a: Hvert fer þú sem heyr - ir raust þíns Drott - ins nú?
 3. Ó, hvert fer þú, mitt barn - ið blítt er bros - ir nú svo milt og hlýtt?
 4. Og hvert fer þú sem hrað - ar þér og hart í lífs - ins kapp - leik fer?

Eb Ab Eb Fm/Eb Bb/D Eb Fm/Ab G Cm Bb/D Eb Bb Cm Eb/Bb Bb⁷ Eb

ég veit þú fórst til föð - ur heim og fagn - a nú af boð - skap þeim.
 Hvort ferð - ast þú á ferl - i þeim til föð - ur þíns er ligg - ur heim?
 Ó, Guð veit hvar þín ligg - ur leið, hann leið - i þig um æv - i - skeið.
 Ó, keppst - u hnoss að höndl - a það er him - ins dyr - um leið - ir að.

5. Og hvert fer þú sem langa leið
 um lífsins hefur runnið skeið?
 Ef röngum vegi ertu á,
 tak aðra betri stefnu þá.

6. Þú maður, hvert sem hér þú fer
 Guðs helgur andi fylgi þér
 og hvar sem liggur leiðin þín
 þig leiði Drottinn heim til sín.